

Skeiða- og Gnjúpverjahreppur
Rebekka Rut Ingvarsdóttir
Árnes
801 SELFOSS

Garðabær, 17. desember 2024
Málsnúmer: 202412-0036
LA

Efni: Stækkun Búðanámu. Skipulagslýsing.

Vísað er til erindis Skeiða- og Gnjúpverjahrepps sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 12. desember 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytinga sem felur í sér stækkun á Búðanámu vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Búðafossvegi.

Breyting á aðalskipulagi felur í sér að efnistökusvæðið stækkar úr 1 ha í 4,5 ha og efnismagn sem heimilt er að vinna verður 60.000 m³. Áætluð stækkun á efnistökusvæðinu er til norðurs.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að í henni komi fram það helsta sem fjalla þarf um við aðalskipulagsbreytingu. Stofnunin vill á þessu stigi koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Fyrirhugað efnistökusvæði í Þjósárhrauni er lítt raskað og ekki er að sjá á loftmyndum að þar hafi áður verið efnistaka og enginn sýnilegur aðkomuvegur er að námusvæðinu. Svæðið hefur hátt vísindagildi vegna jökulgarðs frá ísaldarlokum, Búðaröðin, og Þjósárhraunið sem rann upp að garðinum. Þjósárhraunið nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga og einnig Búðafoss, en fram kemur í 61. gr. að “fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki”. Framkvæmdasvæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis á Suðurlandsundirlendi.

Ekki kemur fram hvort aðrar opnar námur í Þjósárhrauni geti nýst í fyrirhugaðar framkvæmdir á Búðafossvegi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur